

A

B

C

D

E

F

1

1



ÁBYRGÐ Í VERKI

2

2



3

3



4

4

A

B

C

D

E

F



MANNVIT

	A	B	C	D	E	F	
1							
2							
3							
4							

A

B

C

D

E

F

1

2

3

4

1

2

3

4

ÁBYRGÐ Í VERKI

SJÁLFBÆRNI- OG SAMFÉLAGSSKÝRSLA



MANNVIT

A

B

C

D

E

F

A

B

C

D

E

F

1

1

2

2

3

3

4

4

Prentun: Oddi, umhverfsvottuð prentsmiðja



Ljósmyndir:
Sveinn Speight
Guðmundur Ólafsson

A

B

C

D

E

F

Áframhaldandi skuldbinding



Mannvit er samfélagslega ábyrgt þekkingarfyrirtæki sem starfar á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á öflugum mannauði sem hefur tækifæri til að móta framtíðina. Mannvit starfar í síbreytilegu umhverfi og aðlögunarhæfni fyrirtækisins byggir á frumkvæði í þróun nýrrar þjónustu og verkefna og stuðningi við nýsköpun. Við erum meðvituð um áhrifin af verkefnum okkar og leggjum okkar að mörkum til að skapa og stuðla að sjálfbæru samfélagi.

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð eru mikilvægir þættir í starfsemi Mannvits og rauður þráður í stjórnkerfi fyrirtækisins sem byggir á fimm meginstoðum. Við skilgreiningu meginstoða stjórnkerfisins horfum við til alþjóðlegra staðla, heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og viðmið Global Compact.

Við leggjum metnað í að gera sífellt betur og er áframhaldandi stuðningur við Global Compact sáttmálann mikilvægur liður í því að tryggja áframhaldandi framfarir fyrirtækisins á sviði samfélagsábyrgðar.

Við gefum nú út aðra framvinduskýrslu Mannvits þar sem við sýnum hvernig okkur gekk á liðnu ári að innleiða viðmið Global Compact og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi okkar og framfylgja þeim markmiðum sem við settum okkur í upphafi árs. Við leitumst við að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í upphafi verks og birtum nokkur verkefni sem við tengjum beint við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hlutverk okkar við að stuðla að sjálfbæru samfélagi.

Sumt gekk vel á árinu 2017, annað ekki jafn vel. Við erum hins vegar staðföst í því að halda áfram að bæta okkur og setja okkur metnaðarfull markmið sem hvetja okkur til þess að gera okkar allra besta. Við teljum mikilvægt að vera í góðum samskiptum við alla hagsmunaaðila fyrirtækisins og vonum að þessi skýrsla nái til sem flestra.

Framkvæmdastjórn Mannvits.

A

B

C

D

E

F

1

1

2

2

3

3

4

4



A

B

C

D

E

F

Sjálfbærni og samfélag

Mannvit er þekkingarfyrirtæki á alþjóðamarkaði á sviði orku, iðnaðar og mannvirkja og leggur áherslu á sjálfbærni og samfélagsábyrgð í rekstri. Fyrirtækið einbeir sér að því að veita viðskiptavinum hagkvæma, áreiðanlega og umfram allt góða þjónustu sem byggir á trausti, þekkingu, víðsýni og gleði. Með verkum okkar viljum við stuðla að aukinni sjálfbærni í samfélaginu.

Mannvit starfrækir samþætt stjórnkerfi sem nær yfir gæða-, umhverfis-, öryggis- og vinnuverndarmál fyrirtækisins auk samfélagsábyrgðar þess og byggir á stöðugum umbótum. Stjórnkerfið nær yfir starfsemi fyrirtækisins á sviðum iðnaðar, orku og mannvirkja, ásamt tilheyrandi fagsviðum og stoðþjónustu. Stjórnkerfið tekur mið af ISO 9001 staðli um gæðastjórnun,

ISO 14001 fyrir umhverfisstjórnun og ISO 18001 staðli um stýringu öryggis og vinnuverndar.

Viðtækust áhrif fyrirtækisins koma af verkefnum okkar, þeirri hönnun og ráðgjöf sem við bjóðum viðskiptavinum. Við nálgumst verkefni með sjálfbærni að leiðarljósi og hugum meðal annars að því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag, nýta auðlindir á ábyrgan hátt, takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og skapa öruggar, visthæfar og hagkvæmar lausnir fyrir viðskiptavinum sem skila þeim ábata til framtíðar.

Við leggjum áherslu á að sýna gott fordæmi í okkar rekstri og viljum vera leiðandi fyrirtæki á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Við höldum áfram að vinna eftir við-

miðum Global Compact og tileinkum okkur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni við stefnumörkun og markmiðasetningu. Á hvert setjum við okkur metnaðarfull markmið á sviði samfélagsábyrgðar og birtum árangur síðasta árs. Við teljum mikilvægt að vera í góðum samskiptum við fjölbreytta hagsmunaaðila fyrirtækisins og er útgáfa samfélagsábyrgðarskýrslu liður í því að miðla áherslum Mannvits til bæði innri sem ytri hagsmunaaðila. Skýrsla þessi er framvinduskýrsla fyrirtækisins til Global Compact fyrir árið 2017.

A

B

C

D

E

F

1

1

2

2

3

3

4

4



A

B

C

D

E

F

Heimsmarkmið SP í starfsemi Mannvits

3 HEILSA OG VELLÍBAN



Við leggjum áherslu á að skapa heilnæmt umhverfi og góða innivist í þeim verkefnum sem við komum að. Auk þess leggur Mannvit mikla áherslu á að stuðla að góðri heilsu starfsfólks með hinum ýmsu verkefnum og styrkjum.

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



Mannvit veitir ráðgjöf sem stuðlar að aukinni sjálfbærni í samfélaginu. Við horfum sífellt til nýrra leiða í mannvirkjagerð og samgöngum.

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



Mannvit leggur mikla áherslu á nýsköpun og þróun í starfsemi sinni. Með öflugri nýsköpun viljum við geta mætt þörfum framtíðarinnar á sjálfbæran máta.

12 ÁBYRG NEYSLA



Í allri hönnun hugum við að auðlindanotkun og takmörkun úrgangs með það markmið að stuðla að ábyrgri neyslu. Einnig horfum við í eigin barm og hugum að þessum atriðum í rekstri fyrirtækisins.

7 SJÁLFBÆR ORKA




Mannvit leggur hugvit og þekkingu til framleiðslu endurnýjanlegrar orku og hefur komið að hönnun fjölda vatns- og jarðvarmavirkjana, bæði hérlandis sem erlendis. Við höldum áfram á þessari braut og leggjum okkar af mörkum til framleiðslu orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

6 HREINT VATN OG SALERNISÁBSTAÐA



Við komum að hönnun og ráðgjöf við veitumannvirki og mælingu vatnsgæða sem miðar að því að tryggja heilnæmt vatn og draga úr líkum á mengunarslysnum.





16 FRÍÐUR OG RETTLÆTI

Framkvæmdastjórn Mannvits leggur áherslu á gagnsæi og ábyrgan rekstur þar sem mútum er hafnað og alþjóðlegum lögum og reglum fylgt.

4 MENNTUN FYRIR ALLA

Við byggjum rekstur okkar á hugviti starfsfólks, leggjum áherslu á fræðslu tengda sjálfbærni og bjóðum upp á endurmenntun auk þess að vera með fjölda opinna kynninga til að miðla þekkingu okkar.

13 VERÐUN JARÐARINNAR

Við leggjum áherslu að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri fyrirtækisins og þeim verkefnum sem við komum að. Við erum áhættumiðuð og hugum að mögulegum breytingum í umhverfinu sökum loftslagsbreytinga við hönnun og ráðgjöf.

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR






Við höfnum mismunun og veljum starfsfólk byggt á hæfileikum, metnaði og persónueinkennum. Við bjóðum nemum upp á starfsnám og hvetjum starfsfólk til að sýna frumkvæði og koma með nýjar hugmyndir að verkefnum.

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

Jafnrétti kynjanna og jafnræði hefur verið stefna fyrirtækisins í langan tíma. Við höfnum allri mismunun og stuðlum að fjölskylduvænum vinnustað.

17 ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

Samvinna og góð samskipti mismunandi aðila er besta leiðin til að ná árangri og stuðla að sjálfbærri þróun.



Ábyrgð í verki

Mannvit byggir sjálfbærni- og samfélagsábyrgð sína á 5 meginstoðum sem ná utan um allan rekstur fyrirtækisins. Sjálfbærni og samfélagsábyrgð er rekin sem hluti af stjórnkerfi Mannvits en fyrirtækið er með vottað gæða-, umhverfis-, öryggis- og vinnuverndarstjórnkerfi samkvæmt ISO 9001:2015, ISO 14001:2015 og OHSAS 18001:2007. Við birtum 5 meginstoðirnar á myndrænan hátt til að auðvelda bæði ytri og innri hagsmunaaðilum að tengja við þær og tileinka sér þær.

SÝNA ÁBYRGÐ Í REKSTRI



Mannvit sýnir ábyrgð í rekstri með góðum stjórnarháttum og uppfyllir innlend sem alþjóðleg lög og viðmið sem falla að starfsemi fyrirtækisins. Við teljum ábyrgan rekstur vera undirstöðuna að góðum rekstri og góðum samskiptum við hagsmunaaðila.

ÖRYGGI Í ÖNDVEGI



Við setjum öryggi í öndvegi þar sem öryggismál eru lykilatriði í starfsemi fyrirtækisins. Við veitum viðskiptavinum ráðgjöf um þjónustu í öryggis- og vinnuverndarmálum á hönnunar- og framkvæmdastigi verkefna. Við viljum vera í fararbroddi í öryggismálum á Íslandi.

VIRÐA NÁTTÚRUNA



Mannvit virðir náttúruna, bæði í hönnun og ráðgjöf sem og í umgengni sinni við umhverfið. Við setjum okkur metnaðarfull markmið í umhverfismálum sem meðal annars snúa að bættri nýtingu auðlinda og kolefnisjöfnun á starfsemi fyrirtækisins.

GLEÐI OG VELLÍÐAN



Gleði og vellíðan starfsfólks er grunnurinn að góðum vinnustað og skilar sér til allra hagsmunaaðila fyrirtækisins.

MÍÐLUN ÞEKINGAR OG FRÆÐSLA



Mannvit byggir starfsemi sína á hugviti starfsfólks og því er grundvallaratriði í starfsemi fyrirtækisins að miðla þekkingu og reynslu, bæði utan þess sem innan, til að tryggja stöðugar framfarir. Nýsköpun, þróun og nýtt hugvit viðheldur neista og ýtir undir framþróun í samfélaginu sem styður við markmið fyrirtækisins um að stuðla að sjálfbærnu samfélagi.

SÝNA ÁBYRGÐ Í REKSTRI



Stefnumótandi áætlunargerð

Ábyrgir stjórnarhættir

Viðskiptavinir okkar eru ánægðir

Öryggis- og umhverfismiðuð innkaup

Framkvæmdastjórn Mannvits leggur áherslu á að sýna ábyrgð í rekstri, gagnsæi og heiðarleg vinnubrögð. Hluti af ábyrgum rekstri er góð efnahagsleg afkoma fyrirtækisins sem tryggir stöðugt starfsumhverfi fyrir starfsfólk og birgja fyrirtækisins. Stefnumótandi áætlunargerð hefur verið innleidd í rekstri fyrirtækisins sem er liður í því að tryggja festu og ábyrgð í starfsemi Mannvits. Fyrirtækið hefur verið fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum frá 2010 að mati Rannsóknarmiðstöðvar í stjórnarháttum og leggur áherslu á að halda þeirri viðurkenningu.

Síðareglur stjórnar Mannvits voru birtar starfsfólki á árinu 2017 en á árinu 2018 er stefnt að því að uppfæra og kynna síðareglur betur fyrir starfsfólki. Stjórnin leggur áherslu á að allri mismunun sé hafnað og að Mannvit veiti faglega og óháða þjónustu. Mútum er með öllu hafnað og lögð áhersla á að farið sé að alþjóðlegum lögum og reglugerðum.



4.66

VIÐMÓT STARFSFÓLKIS

SKV. ÞJÓNUSTUKÖNNUN Á SKALANUM 1-5 (MJÖG GOTT)

78%

ÁÆTLANAGERÐ

VERKEFNA FARA Í GEGNUM STEFNUMÓTANDI
ÁÆTLANAGERÐ



FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI Í GÓÐUM
STJÓRNARHÁTTUM

ÖRYGGI Í ÖNDVEGI



Slysalaus starfsemi

Veitum viðskiptavinum ráðgjöf
og þjónustu í öryggismálum



Mannvit hefur haldið úti vottuðu öryggisstjórnkerfi frá 2012 og leggur áherslu á stöðugar umbætur. Mikið er lagt upp úr öryggismálum og er rekin stefna um slysalaus starfsemi. Allt starfsfólk fær kynningu á öryggismálum hjá fyrirtækinu og er notast við Örbókina, litla handbók um öryggismál. Þá er lögð áhersla á að miðla öryggismenningu fyrirtækisins áfram til viðskiptavina og veitt ráðgjöf á sviði öryggis- og vinnuverndarmála, hvort sem er við hönnun, á verktíma eða líftíma mannvirkis/búnaðar.



0 SKRÁÐ SLYS 2017

VIRÐA NÁTTÚRUNA



Minni sóun

Kolefnishlutleysi

Sjálfbærnimat og úrlausnir
hluti af verkefnum


Umhverfisslysalaus starfsemi

Helstu markmið umhverfisstjórnkerfis Mannvits eru að minnka sóun auðlinda í rekstri fyrirtækisins og kolefnishlutleysi. Því eru sett metnaðarfull markmið sem snúa að auðlindanotkun og losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri fyrirtækisins. Ekki náðust öll markmið ársins 2017 en við höldum þó ótraud áfram og stefnum á að gera betur. Mikilvæg skref voru stigin þegar Mannvit keypti þrjá nýja rafmagnsbíla og kolefnisjafnaði losun annarra bíla fyrirtækisins. Við höldum áfram á þessari braut og stefnum á að kolefnisjafna á árinu 2018 alla losun úr umfangi 1 og 2 í rekstri fyrirtækisins. Þá leggjum við einnig mikla áherslu á umhverfis- og sjálfbærnivitund starfsfólks og fer fram stöðug fræðsla og innleiðing sjálfbærni í verkefnum Mannvits.





14%



BÍLAFLOTI

14% BÍLAFLOTA UMHVERFISVÆNN.



KOLEFNISHLUTLEYSI

GRÖÐURSETT TRÉ TIL AÐ KOLEFNISJAFNA
ALLA BÍLA FYRIRTÆKISINS.

71%

ENDURVINNSLA

3,5kg

MATARSÓUN

3,5 KG Á DAG.

GLEÐI OG VELLÍÐAN



Starfsmenn Mannvits eru ánægðir
í vinnunni

Mannvit stuðlar að heilbrigðu líferni

Allri mismunun er hafnað

Jöfn tækifæri

Gleði er eitt af gildum Mannvits enda er mikið lagt upp úr því að starfsfólki líði vel í vinnunni. Öflugt starfsmannafélag stendur fyrir reglulegum viðburðum og taka starfsmenn virkan þátt í félagslífinu. Boðið er upp á reglulega fræðslu, íþróttastyrki og aðgang að heilbrigðisþjónustu til þess að stuðla að sem bestri andlegri og líkamlegri heilsu og líðan starfsfólks. Mannvit framfylgir mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, starfsmannastefna fyrirtækisins er skýr og ferlar stjórnkerfisins tryggja að mannréttindi séu virt, allri mismunun sé hafnað og farið sé að alþjóðlegum lögum og reglum.



ÁNÆGT STARFSFÓLK

SKV. VINNUSTADGREINGU 2017



21%

KYNJAHLUTFALL

KVENNA

MIÐLUN ÞEKKINGAR OG FRÆÐSLA



Starfsmenn hafa möguleika á að sækja endurmenntun og námskeið í starfi

Bætt umhverfis- og öryggisvitund starfsmanna

Aukin nýsköpun

Bætt þekkingarmiðlun innan fyrirtækisins

Styðjum við nærsamfélag okkar með þekkingarmiðlun og styrkjum

Hugvit og þekking starfsfólks er kjarninn í velgengni Mannvits og því er mikið lagt upp úr miðlun þekkingar og möguleikum starfsfólks til þróunar í starfi. Áhersla er lögð á nýsköpun og þróun þar sem starfsfólk er hvatt til þess að leggja til og vinna með nýjar hugmyndir að verkefnum og þjónustu. Starfsfólk tekur virkan þátt í fjölda opinna funda og viðburða þar sem haldin eru erindi sem tengjast verkefnum og þjónustu Mannvits. Auk þess er nemum á öllum skólastigum boðið í heimsókn til að kynnast fyrirtækinu og ráðið inn sumarstarfsfólk og starfsnemar af háskólastigi.

Áhersla er lögð á að vera í góðu sambandi við nærsamfélagið þar sem fyrirtækið starfar en starfsstöðvar Mannvits er að finna um allt land, í Ungverjalandi, Þýskalandi og Grænlandi. Þjónusta er sótt til nærsamfélagsins og stuðningur lagður til í formi þekkingar og hugvits. Mannvit hefur tekið þátt í fjölda þróunarverkefna í þróunarlöndum og er lögð áhersla á að skilja eftir þekkingu hvar sem við komum.



22

KYNNINGAR

FYRIR NÆRSAMFÉLAGIÐ

27

ÞRÓUNARVERKEFNI

Verkefni á sviði sjálfbærni

Sjálfbærnimats-lykill

Unnið hefur verið að gerð matslykils fyrir sjálfbærni jarðvarmavirkjana á vegum Orkustofnunar, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, HS Orku og Umhverfisstofnunar. Lykillinn er samstarfsverkefni þessara aðila og ber heitið GSAP (Geothermal Sustainability Assessment Protocol) og byggir á eldri matslykli fyrir mat á vatnsaflsvirkjunum. Mannvit sér um verkefnisstjórnun þessa verks. Í febrúar 2017 varð Þeistareykjavirkjun fyrsta jarðvarmavirkjun í heimi sem metin er samkvæmt drögum að nýjum GSAP matslykli um undirbúningsstig jarðvarmavirkjana. Í kjölfarið hófst sambærilegt mat fyrir Hellisheiðarvirkjun - rekstrarstig.

Í Þeistareykjaververkefninu var Mannvit í lykilhlutverki við mat á umhverfisáhrifum og jarðhitasvæði, borráðgjöf, línu- og verkhönnun, verkefnastjórn og byggingu þessarar nýjustu jarðhitavirkjunar Landsvirkjunar.



A

B

C

D

E

F



A

B

C

D

E

F

Vistvottun Urriðaholts

Mannvit vann að vistvottun Urriðaholts í Garðabæ samkvæmt BREEAM Communities matskerfinu. Urriðaholt er fyrsta hverfið hér á landi sem fær slíka vottun og fyrsta alþjóðlega verkefnið sem fær vottun samkvæmt 2012 útgáfu matskerfisins. Vottunin staðfestir að Urriðaholt uppfyllir skilyrði BREEAM Communities kerfisins um gott skipulag sem unnið hefur verið frá grunni með sjálfbæra þróun og virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi. Vistvottunin mætir óskum íbúa og fyrirtækja um gæði, öryggi, fjölbreytni, náttúruvernd og aðgengi að útivistarsvæðum.

Fyrsta skipulag á Íslandi
sem hlýtur vistvottun.



A

B

C

D

E

F



A

B

C

D

E

F

Samgöngulausnir á höfuðborgarsvæðinu

Mannvit hefur staðið fyrir undirbúningsvinnu fyrir Reykjavík sem snýr að hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, með það að markmiði að auka skilvirkni í samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins. Einnig hefur verið unnið að kynningarefni fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, þ.m.t. Borgarlínu og samspili samgangna og skipulags.

Íbúum höfuðborgarsvæðisins mun fjölga um 40.000 fram til ársins 2030. Þróa þarf samgöngulausnir sem mæta þessari fjölsfjölgun.

Mynd: Trípólí arkítektar ©



A

B

C

D

E

F



A

B

C

D

E

F

Karmøy Technology Pilot (KTP)

Norski álframleiðandinn Hydro hefur um nokkurn tíma unnið að nýrri kerlínu í álverinu í Karmøy í Noregi undir heitinu KTP sem notar minni raforku við framleiðsluferlið. Með verkefninu hefur Hydro tekist að ná leiðandi stöðu í orkusparnaði og minnkun útblásturs koltvísýrings við álframleiðslu. HRV, sem er í eigu Mannvits og Verkís, var með alhliða samning við Hydro um hönnun, innkaup og umsjón á hluta framkvæmdarinnar. Mannvit, í gegnum HRV, hefur á síðustu fjórum árum tekið virkan þátt í verkefninu og borið ábyrgð á hönnun og undirbúningi fyrir nýja skautsmiðju álversins.

Áætlað er að raforkunotkun minnki um 15% á hvert framleitt kg af áli og að útblástur á koltvísýringi verði minni en frá nokkru öðru álveri.

Mynd: Hydro ©





Lofthreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun

ON (Orka náttúrunnar) rekur hreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun sem tekur við útblæstri frá Hellisheiðarvirkjun og skilur úr honum brennisteinsvetni (H₂S) og koltvísýring (CO₂). Verkefnið er afrakstur samstarfs OR, ON og Háskóla Íslands við menntastofnanir í Evrópu og Bandaríkjunum. Mannvit var með yfirumsjón og samræmingu hönnunar, sá um eftirlit með smíði og uppsetningu og annaðist uppkeyrslu hreinsistöðvarinnar. Árið 2017 voru hverfilsamstæður Hellisheiðarvirkjunar númer 5 og 6 tengdar við hreinsistöðina, sem hreinsar nú megnið af brennisteinsvetni úr útblæstri virkjunarinnar. Hreinsistöðin er sú eina sinnar tegundar og hefur reynst farsæl lausn á gasútblæstri Hellisheiðarvirkjunar.

Árið 2017 dældi ON niður 10.000 tonnum af CO₂ og 5.000 tonnum af H₂S. Frá því farið var að hreinsa og dæla niður koltvíoxíði frá Hellisheiðarvirkjun um mitt ár 2014 hafa um 25.000 tonn verið bundin í berglög við virkjunina.



A

B

C

D

E

F



A

B

C

D

E

F

Frammistaða 2017

-  ÞEGAR NÁÐ
-  AÐ HLUTA
-  EKKI HAFIÐ
-  EKKI METIÐ

STOÐ

MARKMIÐ

HEIMSMARKMIÐ

GLOBAL COMPACT

ÁRANGUR

SÝNA ÁBYRGÐ Í REKSTRI

Góðir stjórnarhættir
 Stefnunótandi áætlanagerð
 Auka vægi áætlunargerðar í verkefnum
 Umhverfis- og öryggismiðuð innkaup

8
 8
 8
 11,13

1,2,3,4,5,6,10
 7






ÖRYGGI Í ÖNDVEGI

Slysalaus starfsemi
 Veitum viðskiptavinum ráðgjöf og þjónustu
 í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum

3
 3




VIRÐA NÁTTÚRUNA

Umhverfisslysalaus starfsemi
 Minnka sóun
 Starfsfólk nýtir samgöngustyrk
 Kolefnisjafna starfsemi
 Sjálfbærnimat og úrlausnir eru hluti af verkferlum
 Stöðjum við þróun og nýtingu umhverfisvænnar tækni

13,16
 12
 13
 13
 13
 13

7
 8
 7,8
 7,8,9
 9









	A	B	C	D	E	F				
	STOÐ		MARKMIÐ		HEIMSMARKMIÐ		GLOBAL COMPACT		ÁRANGUR	
1	GLEÐI OG VELLÍÐAN		Starfsfólki Mannvits líður vel í vinnunni	3	4,6	●				
			Hvetjum starfsfólk til heilbrigðs líferniss	3		●				
2			Jafnlaunavottun	5		○				
			Auka hlutfall kvenna innan fyrirtækisins	5	6	●				
			Styðjum við nýsköpun	9,13	6	●				
			Ánægðir viðskiptavinir	8	9	—				
3	MIDLUN ÞEKKINGAR OG FRÆÐSLA		Bætt þekkingarmiðlun innan fyrirtækisins	4		●				
			Þekking á sjálfbærum og vistvænum hönnunarlausnum	13		●				
			Stundum nýsköpun og þróun	9,13		●				
4			Bætt umhverfis- og öryggisvitund starfsfólks	3,4,12	7,8,9	●				

- PEGAR NÁÐ
- AÐ HLUTA
- EKKI HAFIÐ
- EKKI METIÐ



Mannvit hf.
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur
Sími: 422 3000
www.mannvit.is
mannvit@mannvit.is